

Gæðastarf í grunnskólum

**Matsblöð með viðmiðum
fyrir ytra mat á grunnskólum**

Unnið af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga 2011 og endurskoðað 2012.

Ytra mat á grunnskólum

- Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði¹
- A** Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf
- B** Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- C** Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta
- D** Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Svið I Stjórnun

1. Fagleg forysta 1.1 Stjórnandinn sem leiðtogi

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri sem forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Stjórnandi hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Menntun og velferð allra nemenda er leiðarljós í skólastarfinu ásamt metnaði fyrir góðum árangri hvers og eins. Stjórnandi stuðlar að samhljómum meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Hann virkjar alla aðila til samstarfs um að hinda stefnunni í framkvæmd, kynnir stefnuna og talar fyrir henni innan og utan skólans. Hann leggur áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur, brýnir fyrir kennurum og öðru starfsfólki og nemendum að ná góðum árangri og kynnir árangur skólans utan hans og innan.

| Vísbendingar | * | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. | | | | | |
| 2. Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans. | | | | | |
| 3. Starfsmenn þekkja stefnu skólans. | | | | | |
| 4. Foreldrar þekkja stefnu skólans. | | | | | |
| 5. Skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins sem allir aðilar skólasamfélagsins þekkja. | | | | | |
| 6. Einkunnarorð/gildi skólans eru sýnileg í skólanum og starfi hans. | | | | | |
| 7. Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi, s.s. á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum. | | | | | |
| 8. Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu. | | | | | |
| 9. Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf. | | | | | |
| 10. Þegar stjórnandi kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu. | | | | | |

Aðrar vísbendingar² sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹ Ef verklag er í stjörnuflokki þarf að skrásetja sérstaklega á hvern hátt það birtist. Safna saman fyrirmyndardæmum.

² Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun

1. Fagleg forysta 1.2 Stjórnun stofnunar

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Við ráðningar er þess gætt að starfsmaður uppfylli lögbundnar kröfur um menntun, og hafi til að bera þá þekkingu og/eða reynslu sem krafist er í starfinu. Við ráðningu liggur fyrir sakavottorð viðkomandi. Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Þeir kynna stoð- og sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins fyrir starfsmönnum og hvetja þá til að nýta hana. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín jafnt og skyldur og veita markvissa endurgjöf á störf. Stjórnendur leysa ágreiningsmál sem upp koma í skólanum. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Gætt er að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármuna.

| Vísbendingar | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. | | | | |
| 2. Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir. | | | | |
| 3. Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli. | | | | |
| 4. Fyrir liggur skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna. | | | | |
| 5. Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu. | | | | |
| 6. Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf. | | | | |
| 7. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. | | | | |
| 8. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir. | | | | |
| 9. Jafnréttisáætlun liggur fyrir sem miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum. | | | | |
| 10. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim. | | | | |
| 11. Allir starfsmenn, þ.m.t. verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu. | | | | |
| 12. Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun. | | | | |
| 13. Reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur | | | | |
| 14. Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins. | | | | |

Aðrar vísbendingar³ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

³ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun

1. Fagleg forysta 1.3 Faglegt samstarf

Viðmið um gæðastarf

Allir aðilar skólasamfélagsins mynda saman lærdómssamfélag. Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, það er bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda. Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldursstigum og/eða árgöngum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Starfsmönnum er falin ábyrgð á því að leiða vinnu í samstarfsteymum og/eða -hópum. Faglegt samstarf er við aðra grunnskóla í grenndinni, skóla á öðrum skólastigum og grenndarsamfélagið. Stjórnendur hvetja starfsfólk til samvinnu og samráðs, líka þvert á starfsstéttir. Starfsfólk er nemendum fyrirmynd í lýðræðislegum starfsháttum með því að vinna saman, hlusta og taka tillit til sjónarmiða hvers annars. Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins þegar teknar eru ákvarðanir sem varða heildina.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs. | | | | |
| 2. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum. | | | | |
| 3. Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila. | | | | |
| 4. Sett er upp fundaáætlun fyrir skólaárið/önnina sem nær til alls starfsfólks. | | | | |
| 5. Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar. | | | | |
| 6. Stjórnendur boða reglulega til starfsmannafunda og kennarafunda. | | | | |
| 7. Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur. | | | | |
| 8. Samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð. | | | | |

Aðrar vísbendingar⁴ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

⁴ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun

1. Fagleg forysta 1.4 Skólaþróun

Viðmið um gæðastarf

Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsenda fyrir árangursríku þróunarstarfi. Stöðugt og markvisst er unnið að þróun skólastarfsins með hag barna að leiðarljósi. Þróunar- og/eða umbótaáætlun skólans liggur fyrir, hún byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda, svo og innra og/eða ytra mati á starfinu. Stjórnendur hafa frumkvæði að og hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist. Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans, hún er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár, en tekur einnig tillit til þarfa einstakra starfsmanna. Stjórnendur hafa forgöngu um innra mat, fela ákveðnum aðila/aðilum ábyrgð á framkvæmd þess og vinna með þeim að matinu.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Þróunar- og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu. | | | | |
| 2. Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans. | | | | |
| 3. Í símenntunaráætlun kemur fram hvernig einstaklingar sækja símenntun. | | | | |
| 4. Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla. | | | | |
| 5. Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi. | | | | |
| 6. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. | | | | |
| 7. Ákveðinn aðili/-ar í skólanum bera ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda. | | | | |

Aðrar vísbendingar⁵ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

⁵ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun 2. Stefnumótun og skipulag

2.1 Starfsáætlun og skólanámskrá

Viðmið um gæðastarf

Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans, hún er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Starfsáætlun skólans, skólanámskrá og námsvísar eru opinber gögn sem eru aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Menntastefna skólans birtist í skólanámskrá hans. Stefnan er nánari útfærsla á stefnu aðalnámskrár grunnskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Í skólanámskrá eru birt gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi, námi og kennslu og faglegri þróun, upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum og áætlanir um umbætur og þróunarstarf. Gerð er grein fyrir hvernig skólinn uppfyllir fyrirhættu um grunnþættina sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir birtast í almennu skólastarfi og á einstökum námssviðum. Fram kemur hvernig skólinn metur markmið skólastefnunnar. Skólanámskráin er virk, þ.e. unnið er eftir henni og hún er endurskoðuð reglulega. Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma að stefnumótun og skólanámskrágerð. Starfsfólk tekur virkan þátt í gerð skólanámskrár, samráð er haft við skólaráð og námskráin lögð fyrir skólanefnd. Í námsvísu kemur fram hvernig kennarar útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirhættu menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá á hverju námssviði. Birtar eru m.a. upplýsingar um inntak náms, námsleiðir, kennsluhætti og námsmat.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Skólanámskrá uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. | | | | |
| 2. Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. | | | | |
| 3. Starfsáætlun uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. | | | | |
| 4. Starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. | | | | |
| 5. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda. | | | | |
| 6. Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans. | | | | |
| 7. Starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. | | | | |
| 8. Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð. | | | | |
| 9. Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár með þátttöku allra hagsmunaaðila. | | | | |
| 10. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá. | | | | |
| 11. Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum í skólanum og metið hvort markmiðum hefur verið náð. | | | | |
| 12. Skólanámskrá, þ.m.t. námsvísar er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt. | | | | |
| 13. Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt. | | | | |

Aðrar vísbendingar⁶ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

⁶ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun 2. Stefnumótun og skipulag

2.2 Skóladagur nemenda

Viðmið um gæðastarf

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðist við aldur nemenda og þroska. Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veita tækifæri til að nemendur velji sér viðfangsefni, til samvinnu milli námshópa (bekkja eða árganga), og samþættingu í viðfangsefnum nemenda. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár t.d. til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil. Stundatöflur nemenda bera vott um sveigjanleika í skólalastarfinu og bera með sér að skóladagurinn skiptist í vinnulotur með fjölbreyttum verkefnum og að ætlast er til samvinnu nemenda og kennara að verkefnum. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Nemendur eiga þess kost að stunda listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Þátttaka í atvinnulífi, félagslífi, íþróttastarfi eða skipulegt nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. | | | | |
| 2. Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga. | | | | |
| 3. Frímínútur/hvíld/útivist eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda. | | | | |
| 4. Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi. | | | | |
| 5. Námsgreinar eru samþættar til að gera nám nemenda heildstæðara. | | | | |
| 6. Nemendahópar (bekkir eða árgangar) eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. | | | | |
| 7. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra. | | | | |
| 8. Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því. | | | | |

Aðrar vísbendingar⁷ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

⁷ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun 2. Stefnumótun og skipulag

2.3 Verklagsreglur og áætlanir

Viðmið um gæðastarf

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð. Gerð er áætlun um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Nemendaverndarráð samræmir og skipuleggur þjónustu og stuðning við nemendur. Forvarnaráætlun liggur fyrir í skólanámskrá og er þar aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins. Í forvarnaráætlun er m.a. að finna áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefnu í agastjórnun og viðbrögð við álitamálum sem koma upp. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirkar og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þær. Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur, og móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim. | | | | |
| 2. Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag. | | | | |
| 3. Skólareglur liggja fyrir. | | | | |
| 4. Skólareglur eru sýnilegar í skólastofum. | | | | |
| 5. Skólareglur og viðbrögð við agabrotum og eru í samræmi við ákvæði í reglugerð. | | | | |
| 6. Nemendur taka þátt í að móta skólareglur. | | | | |
| 7. Forvarnaráætlanir liggja fyrir og þeim er fylgt eftir því sem við á. | | | | |
| 8. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim. | | | | |
| 9. Áætlun um sérkennslu/stuðning hefur verið gerð og henni er fylgt. | | | | |
| 10. Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. | | | | |
| 11. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir. | | | | |
| 12. Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. | | | | |
| 13. Móttökuáætlanir eru gerðar fyrir nemendur með sérstakar þarfir. | | | | |

Aðrar vísbendingar⁸ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

⁸ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun 3. Samskipti heimila og skóla

3.1 Skólaráð, foreldrafélag

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Þeir sem sitja í skólaráði eru fulltrúar umbjóðenda sinna og nýta netið, fundi eða aðrar leiðir til að upplýsa þá um starfsemi ráðsins og leita eftir athugasemdum. Stjórnendur vinna með foreldrafélagi sem er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara/starfsfólks skólans. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum námshópi sem vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skólaráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur. | | | | |
| 2. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólabróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. | | | | |
| 3. Skólareglur eru unnar í samvinnu við skólaráð. | | | | |
| 4. Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. | | | | |
| 5. Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu/foreldrahópnum. | | | | |
| 6. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans. | | | | |
| 7. Stjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélags. | | | | |
| 8. Fundaraðstaða er fyrir foreldra að hittast í skólanum að höfðu samráði við stjórnendur. | | | | |

Aðrar vísbendingar⁹ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

⁹ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið I Stjórnun 3. Samskipti heimila og skóla

3.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðmið um gæðastarf

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans, meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim. Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barns þeirra afar miklu máli. Foreldrar eru velkomnir í skólann, þeir fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Samskipti við foreldra eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af gagnkvæmri virðingu. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Foreldrar sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því. Þeir fylgjast með og styðja við skólagöngu barna sinna og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla. | | | | |
| 2. Stjórnendur og kennarar skapa foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna. | | | | |
| 3. Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu. | | | | |
| 4. Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í skólanum. | | | | |
| 5. Foreldrum er boðin þátttaka þegar hópurinn fer í vettvangsferðir eða heimsóknir. | | | | |
| 6. Markvisst er leitað er eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu og ábendingum þeirra er vel tekið. | | | | |
| 7. Reglubundnar upplýsingar eru sendar til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum (tölvupóstur, töskupóstur, heimasíða, Mentor). | | | | |
| 8. Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða þeir vilja koma ábendingum á framfæri. | | | | |
| 9. Upplýsingamiðlun til foreldra um árangur í námi er reglubundin og leiðbeinandi. | | | | |
| 10. Heimasíða skólans er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹⁰ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹⁰ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla 1. Nám og námsaðstæður

1.1 Inntak og árangur

Viðmið um gæðastarf

Skólinn er án aðgreiningar, sérhver nemandi fær nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Upplýsingar um markmið náms og kennslu og námsvísar sem koma fram í skólanámskrá byggja á aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskrá er virkt opinbert verkfæri í skólastarfi, unnin og endurskoðuð reglulega af kennurum og öðru starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum. Fylgst er markvisst með árangri sérhvers nemanda, nemendahópa og skólans í heild með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og efla skólastarf enn frekar.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skólanámskrá er skýrt fram sett, birt opinberlega og aðgengileg. | | | | |
| 2. Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega og virk í notkun í skólanum. | | | | |
| 3. Námsvísar/markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá. | | | | |
| 4. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og sjást í starfi skólans og athöfnum og námi nemenda. | | | | |
| 5. Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda. | | | | |
| 6. Nemendur og foreldrar þekkja til og nýta sér námsvísa. | | | | |
| 7. Vakin er athygli á fjölbreyttum árangri og margvíslegum hæfileikum gefinn gaumur, svo sem þátttöku í viðburðum eða samkeppni, árangri í könnunum og prófum á landsvísu eða alþjóðlega. | | | | |
| 8. Skólinn bætir eða viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda. | | | | |
| 9. Unnið er úr og með niðurstöður námsmats, samræmdra prófa og annars mats með það að markmiði að efla árangur einstakra nemenda. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹¹ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹¹ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla 1. Nám og námsaðstæður

1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

Viðmið um gæðastarf

Í skólanámskrá birtast námsvísar með viðmiðum sum hæfni í námi og markmiðum sem sýna stigvaxandi kröfur og samhengi í námi. Samfella er í námi nemenda milli skólastiga. Allir nemendur hafa val um námsgreinar eða verkefni í námi sínu. Námsgögn eru notuð til að hvetja og styðja við nám. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur möguleika á samvinnu nemenda og einstaklingsvinnu. Heimanám/nemendavinna utan skólatíma, sé um það að ræða, byggir á markmiðum náms. Markmið og tilgangur heimanáms er kynnt foreldrum og nemendum. Hugað er að umfangi og skipulagi heimanáms. Umsjónarkennari nýtir nemendasamtöl skipulega og lætur sig varða nám nemenda og líðan.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá. | | | | |
| 2. Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur í námi og þeir eru í góðu samhengi milli árganga. | | | | |
| 3. Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá. | | | | |
| 4. Samstarf um nám milli skólastiga, frá leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla er skráð og virkt. | | | | |
| 5. Nemendur á öllum aldri hafa val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar hluta námstímans. | | | | |
| 6. Nemendur á unglíngastigi hafa val um námsgreinar og námssvið í um fimmtungi námstímans. | | | | |
| 7. Námsgögn og notkun þeirra styður við nám og kennslu. | | | | |
| 8. Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. | | | | |
| 9. Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári, þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan. | | | | |
| 10. Nemendur og foreldrar vita hver er tilgangur og markmið heimanáms. | | | | |
| 11. Hugað er að því hvernig heimanám, sé um það að ræða, dreifist á vikudaga eða tímabil. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹² sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:


¹² Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla **1. Nám og námsaðstæður**

1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu

Viðmið um gæðastarf

Fagmennska, sérfræði og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Námseiningar og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Leitast er við að samþætta námsgreinar þar sem við á. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda. Nemendur fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun nemenda. Námsumhverfi er vel nýtt innanhúss og utan með tengslum við samfélagið ef við á. Leiðsögn kennara byggir á reynslu og fyrra námi nemanda og stuðlar að framförum og árangri í námi. Námsmat og endurgjöf er markviss og leiðir til framfara og árangurs nemenda.


| Vísbendingar |  | A | B | C | D |
|--|---|----------|----------|----------|----------|
| 1. Kennarar sýna góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræði þeirra nýtist í starfi. | | | | | |
| 2. Kennarar sýna kennslufræðilega hæfni í vettvangsathugunum. | | | | | |
| 3. Kennarar skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda. | | | | | |
| 4. Nemendur vinna að heildstæðum og samþættum verkefnum. | | | | | |
| 5. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum og í námsaðstæðum nemenda. | | | | | |
| 6. Nemendur vinna raunhæf verkefni tengd daglegu lífi þeirra. | | | | | |
| 7. Umræður og skoðanaskipti eru hluti af námi og kennslu. | | | | | |
| 8. Vinnubrögð eru valin með tilliti til markmiða og verkefna hverju sinni. | | | | | |
| 9. Námsumhverfi er nýtt á fjölbreyttan hátt. | | | | | |
| 10. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst notað til náms og kennslu. | | | | | |
| 11. Nemendur læra að vinna sjálfstætt og fá þjálfun í samvinnu og samstarfi. | | | | | |
| 12. Lögð er rækt við sköpunarþörf og gagnrýna hugsun nemenda. | | | | | |
| 13. Kennarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda. | | | | | |
| 14. Kennslustundir eru vel skipulagðar, vel uppbyggðar og tími vel nýttur. | | | | | |
| 15. Kennarar gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda. | | | | | |
| 16. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. | | | | | |
| 17. Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara í námi. | | | | | |
| 18. Námsmat er fjölbreytt, tengist markmiðum náms, hæfniviðmiðum og tekur mið af kennsluháttum. | | | | | |
| 19. Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. | | | | | |

Svið II Nám og kennsla **1. Nám og námsaðstæður**

1.4 Námshættir og námsvitund

Viðmið um gæðastarf

Nemendur eru áhugasamir um nám sitt. Leitað er eftir hæfileikum hvers og eins og þeim gert kleift að skilja og meta eigið ágæti. Nemendur vinna að markmiðum náms síns með fjölbreyttum leiðum. Nemendur hafa vaxandi ábyrgð við að velja viðfangsefni og námsaðferðir. Nemendur læra að ígrunda eigið nám og þroska og meta gæði vinnu sinnar. Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína og þarfir í námi.

| Vísbendingar |  | A | B | C | D |
|--|---|----------|----------|----------|----------|
| 1. Nám nemenda tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra. | | | | | |
| 2. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum. | | | | | |
| 3. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum og með fjölbreyttum aðferðum. | | | | | |
| 4. Nemendur þekkja eigin styrkleika í námi. | | | | | |
| 5. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi. | | | | | |
| 6. Nemendur geta valið sér námsaðferð eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl. | | | | | |
| 7. Nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og eigin námsaðferðir. | | | | | |
| 8. Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni. | | | | | |

Aðrar vísbendingar¹³ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹³ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla 2. Þátttaka og ábyrgð nemenda

2.1 Lýðræðisleg vinnubrögð

Viðmið um gæðastarf

Nemendur vita að markvisst er leitað eftir sjónarmiðum þeirra um nám og fyrirkomulag skólastarfs og að tekið er tillit til þeirra við skipulag skólastarfs. Nemendur þekkja leiðir/ferla eða verklag um hvernig þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Leitað er sjónarmiða allra nemenda um námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan, félagslegar aðstæður í skólanum og ákvarðanir sem snerta þá. Bekkjarfundir, nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virk þannig að sjónarmið nemenda hafa raunveruleg áhrif á námsumhverfi og námstilhögun. Í skólanum ríkir jákvæður andi samstarfs og virðingar.

| Vísbendingar | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Nemendur tjá sig um málefni er snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. | | | | |
| 2. Til er skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda. | | | | |
| 3. Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag og framkvæmd náms og á námsumhverfi. | | | | |
| 4. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif. | | | | |
| 5. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum. | | | | |
| 6. Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum samstarfsvettvangi skóla fá til þess þjálfun. | | | | |
| 7. Skólaráð starfar þannig að fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku. | | | | |
| 8. Fulltrúar nemenda eru kosnir lýðræðislegri kosningu. | | | | |
| 9. Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar. | | | | |
| 10. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹⁴ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹⁴ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla 2. Þátttaka og ábyrgð nemenda

2.2 Ábyrgð og þátttaka

Viðmið um gæðastarf

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Nemendur gera sér grein fyrir tilgangi náms og kennslu. Markmið náms eru sýnileg og aðgengileg nemendum og foreldrum. Nemendur og foreldrar eru með í ráðum við að setja einstaklingsbundin markmið. Nemendur gera sér grein fyrir hver viðmið um árangur eru og taka þátt í að meta eigin framfarir.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Markmið í námi eru nemendum ljós, hvað varðar námseiningar í heild sinni. | | | | |
| 2. Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á. | | | | |
| 3. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. | | | | |
| 4. Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið. | | | | |
| 5. Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna. | | | | |
| 6. Foreldrar fylgjast með námsframvindu barna sinna. | | | | |
| 7. Viðmið um árangur eru opinber og nemendur þekkja þau. | | | | |
| 8. Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati. | | | | |
| 9. Nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹⁵ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹⁵ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla 3. Námsaðlögun

3.1 Nám við hæfi allra nemenda

Viðmið um gæðastarf

Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla óháð atgervi þeirra og stöðu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Námsþörfum allra nemenda og nemendahópa er mætt. Viðfangsefni eru valin af kostgæfni. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu. | | | | |
| 2. Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. | | | | |
| 3. Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans. | | | | |
| 4. Áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum. | | | | |
| 5. Kennarar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum. | | | | |
| 6. Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um námsmarkmið. | | | | |
| 7. Námsframboð og námsvísar mæta fjölbreyttum þörfum og áhuga allra nemenda | | | | |

Aðrar vísbendingar¹⁶ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹⁶ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið II Nám og kennsla 3. Námsaðlögun

3.2 Stuðningur við nám

Viðmið um gæðastarf

Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Kennsla/sérkennsla og stuðningur við nám nemenda er í samræmi við greiningu á stöðu þeirra í námi og skipulögð við hæfi hvers nemanda í skóla án aðgreiningar. Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum fagmenntaðra starfsmanna. Samstarf og samráð um sérstakan stuðning í námi er við nemendur, foreldra þeirra og stoðþjónustu. Sérkennarar og önnur stoðþjónusta skólans veita starfsfólki og nemendum góðan stuðning og ráð til að mæta námsþörfum nemenda. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem fá sérstakan stuðning í námi. Einstaklingsnámskrár innihalda viðeigandi námsmarkmið fyrir nemendur. Foreldrar þessara nemenda og nemendur, eftir því sem við á, taka virkan þátt í endurskoðun einstaklingsnámskrár. Námsmat er lagað að þörfum nemenda.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda. | | | | |
| 2. Skráð er hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats. | | | | |
| 3. Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. | | | | |
| 4. Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi. | | | | |
| 5. Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám. | | | | |
| 6. Stuðningur við nám er tengdur markmiðum náms og einstaklingsnámskrá. | | | | |
| 7. Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps. | | | | |
| 8. Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi | | | | |
| 9. Nemendur og foreldrar eru upplýstir og taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er. | | | | |
| 10. Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf. | | | | |
| 11. Foreldrar taka þátt í að endurmeta markmið einstaklingsnámskrár og nemendur þegar við á. | | | | |
| 12. Kennarar fá ráðgjöf um nám og kennslu til að mæta þörfum allra nemenda. | | | | |
| 13. Námsmat er fjölbreytt og lagað að þörfum nemenda þegar þarf. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹⁷ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹⁷ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið III Innra mat 1. Framkvæmd innra mats

1.1 Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Viðmið um gæðastarf

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Í opinberum gögnum skólans kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd matsins. Innra matið nær til allra helstu þátta í skólastarfinu¹⁸. Gerðar eru áætlanir um framkvæmd innra mats til skemmri og lengri tíma og þær eru birtar. Innra mat er hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna. Lögð er áhersla á að meta nám og kennslu með reglubundnum hætti.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. | | | | |
| 2. Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir. | | | | |
| 3. Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir. | | | | |
| 4. Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir. | | | | |
| 5. Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats (s.s. matsteymi). | | | | |
| 6. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum. | | | | |
| 7. Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra. | | | | |
| 8. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. | | | | |

Aðrar vísbendingar¹⁹ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

¹⁸ Lista yfir helstu þætti er t.d. að finna á bls. 5 í *Leiðbeiningum og viðmiðum fyrir sveiterfélög í tengslum við innra mat grunnskóla*, Björk Ólafsdóttir. 2011.
<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoeknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-efirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>

¹⁹ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið III Innra mat 1. Framkvæmd innra mats

1.2 Innra mat er markmiðsbundið

Viðmið um gæðastarf

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Grunnþættir í menntun, markmið og áherslupættir grunnskólalaga og skólastefna viðkomandi sveitarfélags endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast þannig í innra mati skólans. Innra matið metur leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skilgreind eru viðmið²⁰ um þann árangur sem stefnt er að. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin. | | | | |
| 2. Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti. | | | | |
| 3. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu. | | | | |
| 4. Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. | | | | |
| 5. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. | | | | |

Aðrar vísbendingar²¹ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

²⁰ Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um í skólasamfélaginu að telst góður árangur.

²¹ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið III Innra mat 1. Framkvæmd innra mats

1.3 Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Viðmið um gæðastarf

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem er lagt upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|--|---|---|---|---|
| 1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna. | | | | |
| 2. Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. | | | | |
| 3. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. samræmd próf, niðurstöður PISA, kannanir og skimanir sveitarfélags og ytra mat sveitarfélags og ráðuneytis) í innra matið. | | | | |

1. Framkvæmd innra mats

1.4 Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Viðmið um gæðastarf

Starfsfólk, nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati og um þróun og umbætur í kjölfar innra mats. Þau eiga enn fremur aðild að skipulagi og framkvæmd innra mats. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Umbóta- og þróunarstarf einkennist af samvinnu hagsmunaaðila.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólapingum eða með öðrum hætti). | | | | |
| 2. Nemendur taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólapingum eða með öðrum hætti). | | | | |
| 3. Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólapingum eða með öðrum hætti). | | | | |
| 4. Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs). | | | | |
| 5. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. | | | | |
| 6. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur. | | | | |


Svið III Innra mat 2. Umbótastarf í kjölfar innra mats

2.1 Innra mat er opinbert

Viðmið um gæðastarf

Hagsmunaaðilar vita hvar þeir geta nálgast greinargerðir, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur. Dæmi um góða greinargerð er að gerð er grein fyrir: (1) tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, (2) tilgangi matsins, (3) aðferðum við framkvæmd matsins og þátttakendum, (4) viðmiðum, (5) helstu niðurstöðum og (6) styrkleikum og tækifærum til umbóta. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum. Niðurstöður innra mats eru kynntar hagsmunaaðilum.

Vísbendingar

| |  | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti. | | | | | |
| 2. Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti. | | | | | |
| 3. Greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar. | | | | | |
| 4. Umbótaáætlanir eru skýrt fram settar. | | | | | |
| 5. Í greinargerð um innra mat koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið. | | | | | |
| 6. Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum. | | | | | |

Aðrar vísbendingar²² sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

²² Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

Svið III Innra mat 2. Umbótastarf í kjölfar innra mats

2.2 Innra mat er umbótamiðað

Viðmið um gæðastarf

Við greiningu niðurstöðna eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum að höfðu samráði við skólaráð. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Í henni kemur fram hverjir bera á byrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn. Allir aðilar skólasamfélagsins upplifa gagnsemi af innra mati.

Vísbendingar

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| 1. Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. | | | | |
| 2. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti. | | | | |
| 3. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. | | | | |
| 4. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru. | | | | |
| 5. Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum. | | | | |
| 6. Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. | | | | |
| 7. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir. | | | | |
| 8. Starfsfólk getur á öyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. | | | | |
| 9. Nemendur geta á öyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. | | | | |
| 10. Foreldrar geta á öyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. | | | | |

Aðrar vísbendingar²³ sem benda til gæðastarfs

Hér tekur matsmaður saman niðurstöður

Styrkleikar:

Huga þarf að umbótum á:

²³ Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.